

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald, föngun og vörslu óskiladýra á Austur-Héraði.

1. gr.

Af hundum og köttum á Austur-Héraði skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald á Austur-Héraði.

2. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta hundaleyfisgjöld að upphæð kr. 7.000 á hvern hund.

3. gr.

Af skráðum köttum skal innheimta kattaleyfisgjöld að upphæð kr. 4.000 á hvern kött.

4. gr.

Austur-Hérað mun sjá til þess að óskilahundar og óskilakettir verði fangaðir. Komi beiðni þar um frá öðrum aðila skal gera viðvart hjá umhverfissviði eða Áhaldahúsi (þjónustumiðstöð) Austur-Héraðs.

5. gr.

Þegar hundur eða köttur er handsamaður skal eiganda eða umráðamanni gert aðvart. Sé ekki vitað hver eigandi eða umráðamaður er, skal auglýsa handsömunina í stuttri auglýsingu í svæðisútvarpi einu sinni.

6. gr.

Handsamaðir hundar og kettir skulu hafðir í vörslu á þar til ætluðum hæfum og öruggum stað, þar til þeir eru sóttir af eigendum sínum, eða þeir eru fluttir til aflífunar.

7. gr.

Þegar eigandi gefur sig fram og sækir handsamaðan hund eða kött, skal viðkomandi kvitta fyrir móttöku á eyðublað sem útbúið er af umhverfissviði Austur-Héraðs. Kvittun umráðanda er um leið skuldbinding um að greiða þann kostnað sem áfallinn er vegna handsömunar, vörslu og auglýsingar, ef einhver er.

8. gr.

Nú gefur sig enginn eigandi fram innan þriggja sólarhringa frá handsömun, og skal þá auglýsa eftir eiganda hundsins eða kattarins einu sinni enn. Hafi það engan árangur borið og liðin er heil vika frá handsömun, skal fara með dýrið til aflífunar hjá dýralækni.

9. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar ber að innheimta gjald sem hér segir: kr. 3.000 fyrir handsömun hvers dýrs og kr. 1.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring, þó eigi minna samanlagt en kr. 5.000 á hvert dýr, þótt varsla vari skemur en tvo sólarhringa.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs þann 20. desember 2000.

Egilsstöðum, 15. janúar 2001.

Þórhallur Pálsson,
forstöðumaður umhverfissviðs Austur-Héraðs.